

**Nd.**

**137. Frumvarp til laga**

**[73. mál]**

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Flm. Guðlaugur Gíslason, Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

**2. gr.**

Þeir, sem öðlzt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi

lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Um lönd til úthlutunar byggingarlóða í Vestmannaeyjum er vart að ræða lengur nema þau, sem eru í ábúð jarða eða einstaklingar hafa samning um eða rétt á til ræktunar. Eftirgjald til ríkissjóðs af þessum löndum er mjög lágt. Hins vegar hækkar eftirgjaldið og margfaldast, ef þessum löndum er skipt niður í byggingarlóðir. En til þess að svo megi verða og til þess að gera lóðirnar byggilegar, verður bæjarsjóður árlega að leggja fram verulegt fé til lagningar vega, holræsa o. fl. Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir er að öllu leyti tekinn úr vasa bæjarbúa í beinum sköttum, útsvörum og fasteignagjöldum, en bæjarsjóður fer algerlega á mis við þá hækkun á lóðarleigu, sem landeigandi, ríkissjóður, verður aðnjótandi vegna þessara mjög svo kostnaðarsömu framkvæmda. Verður slíkt að teljast óeðlilegt.

Í 22. gr. fjárlaga hefur nokkur undanfarin ár verið heimild til að verja allt að helming af lóðarleigu í Vestmannaeyjum til varnar landbroti þar, og enn fremur hefur á fjárlögum undanfarin tvö ár verið nokkur fjárhæð til varnar landbroti á Eiðinu, sem er varnarveggur Vestmannaeyjahafnar norðan til. Er hér samanlagt um nokkru hærra upphæð að ræða en ríkissjóður innheimtir árlega í lóðarleigu í Eyjum. Ef aðeins er litið á þá hlið málsins, er e. t. v. ekki eftirsóknarvert fyrir kaupstaðinn að eignast landið og þá af sömu ástæðu ekki tjón fyrir ríkissjóð að selja það. En flm. telja, eins og allar aðstæður eru, eðlilegast og æskilegast bæði fyrir ríkissjóð og þá, sem í Vestmannaeyjum búa, að kaupstaðurinn eignist kaupstaðarlandið, sem talið er Heimaey öll, og beri allan kostnað af þessari eign, en njóti hins vegar góðs af þeirri hækkun, sem verður á lóðarleigum vegna óhjákvæmilegra framkvæmda bæjarfélagsins í sambandi við úthlutun byggingarlóða.

Lóðarsamningar allir í Vestmannaeyjum, með örfáum undantekningum, eru gefnir út til ákveðins árabils, og telja flm. eðlilegast, að þeim verði ekki raskað, nema nauðsyn beri til vegna skipulags bæjarins, en endurnýjaðir af bæjarstjórn, eftir því sem þeir falla úr gildi.

Svo virðist samkvæmt þeim heimildarritum sem fyrir hendi eru, að Vestmannaeyjar hafi allt til 12. aldar verið í eigu bænda þar, en þá festi Magnús Einarsson biskup í Skálholti kaup á þeim, og voru þær eign Skálholtsstóls þar til í byrjun 15. aldar. Þá komust þær í eigu konungs. Ókunnugt mun vera, með hvaða hætti það hefur orðið, en gizkað er á og talið sennilegt, að Skálholtsbiskup hafi látið þær af hendi upp í skuld við konung. Í konungs eigu munu Vestmannaeyjar hafa verið þar til um 1870, að landssjóði voru afhentar þær ásamt öðrum konungsjörðum.

Það er að sjálfsögðu nokkurt metnaðarmál fyrir Vestmannaeyinga að verða aftur eftir svo langt árabil eigendur þess lands, sem þeir byggja, en fyrst og fremst er það nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn, eins og aðra kaupstaði, í sambandi við skipulag bæjarins, úthlutun byggingarlóða o. fl. að hafa óskertan eignarrétt á kaupstaðarlandinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, og eru tekin upp í það svipuð ákvæði og verið hafa í lögum, sem Alþingi hefur áður sett um sama efni, t. d. um Kópavogskaupstað 1957, svo sem það, að ríkið geti jafnan keypt aftur það af landinu, sem það kynni að þarfnast síðar, sama verði og það var selt.